

Umsögn Félags vöru- og iðnhönnuða vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009 (tímabundin fjölgun starfslauna og styrkja), 310. mál.

Félag vöru og iðnhönnuða hvetur eindregið til þess að aukið verði við framlög til listamannalauna, sér í lagi til fjölgunar úthlutaðra mánaða til hönnuða. Starfslaun hönnuða telja 50 mánuði ár hvert eða rétt rúm 3% af heildarúthlutun listamannalauna.

Stór hluti hönnuða er sjálfstætt starfandi eða vinnur að hluta til sjálfstætt.¹ Í kjölfar samdráttar vegna heimsfaraldurs hafa verkefni og tækifæri hönnuða dregist verulega saman. En í niðurstöðum könnunar Hönnunarmiðstöðvar kom fram að um helmingur svarenda hefði misst helming eða allar tekjur sínar vegna heimsfaraldursins.² Því er gífurlega mikilvægt að hlúa að listrænni rannsóknarvinnu þar sem starfslaun hönnuða gegna lykilhlutverki.

Starfslaun hönnuða hafa eft margvíslegar rannsóknir sem snúa bæði að eflingu þekkingar innan sviðsins ásamt því að þróa hagnýtar lausnir sem nýtast víðsvegar í samfélaginu.

Störf hönnuða eru mjög fjölbreytt en öll eiga þau það sameiginlegt að í þeim felst mikil rannsóknarvinna og nýsköpun. Störf hönnuða á atvinnumarkaðnum einkennast af ráðgjafabjónustu, rannsóknarvinnu, tilraunum o.fl.

Hönnuðir eru stór og þverfaglegur hópur, sem spannar víðfeðmt svið. Umfjöllunarefni hönnunar eru fjölbreytt og gegna hönnuðir mismunandi hlutverki hverju sinni. Fjölbreyttur hópur fagaðila fellur undir flokkinn hönnuðir. Það eru arkitektar, húsgagna- og innanhússarkitektar, landslagsarkitektar, vöru- og iðnhönnuðir, leirlistamenn, fatahönnuðir, textílhönnuðir, gullsmiðir, teiknarar og grafískir hönnuðir. Starfslaun hönnuða er eini sjóðurinn sem er tileinkaður öllum þessum faghópum. Fleiri nemendur útskrifast frá Hönnunar- og arkitektúrdeild en frá nokkurri annarri deild Listaháskólans. Á ári hverju útskrifast fjöldi einstaklinga í þessum greinum einnig erlendis frá. Þannig er ljóst að hönnun er vaxandi fagsvið sem þarf að hlúa vel að svo þekking og kraftur hennar nýtist sem best. Starfslaunasjóður Hönnuða gegnir mikilvægu hlutverki í grunnrannsóknum á sviðinu sem síðan skapa ný tækifæri víðsvegar í samfélaginu.

Ímyndunaraflíð og gagnrýnin augu eru tól sem hönnuðir nýta einna helst til að skapa nýja sýn, nýja heima og framtíðarhugmyndir. Okkar heimur stendur frammi fyrir nýjum og krefjandi áskorunum í breytilegum heimi.

Hönnuðir útfæra hugmyndir á mismunandi hátt, það fer eftir því hvernig þeir eru þjáfaðir og hvernig þeir vinna. Hönnuðir vinna út frá manneskjunni og leysa vandamál hvort heldur sem er í hlutum eða ferlum. Þeir hafa fjölbreyttan bakgrunn sem þeir nota til að leysa ákveðin vandamál fyrir nýja framtíð, með greiningum og raunsæjum lausnum. Menntun og áherslur á sviði hönnuða snúa að róttækri endurhugsun, endurhönnun og hugrekki gagnvart framtíðinni. Til að hönnuðir geti unnið þessa vinnu þarf að styrkja starfsumhverfi þeirra. Það er ótvírætt að með aukinni úthlutun í starfslaunasjóð

¹ Í skýrslu Hönnunarmiðstöðvar frá árinu 2011 kom fram að um helmingur þátttakenda í könnun starfaði sjálfstætt eða rak eigið fyrirtæki.

² [Könnun á áhrifum Covid 19 á starfsemi og afkomu einstaklinga og fyrirtækja 7.-14. apríl 2020](#), Hönnunarmiðstöð.

hönnuða mun samfélagið njóta góðs af. Hönnun hefur skipað veigamikinn sess á sviði nýsköpunar á Íslandi. Eins og sést ef litið er til *Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands 2020* þá eru þrjú verkefni af fimm sem tilnefnd voru runnin undan rifjum hönnuða beint eða óbeint. Á síðastliðnum tíu árum hafa þrjú verkefni frá hönnuðum hlotið téð verðlaun.

Fjöldi úthlutaðra mánaða hönnuða hefur haldist óbreyttur frá því að lög um listamannalaun frá árinu 2009 tóku gildi og eru þeir 50 talsins (að undanskildum árunum 2010 þegar mánuðirnir voru 20 og 2011 þegar mánuðirnir voru 35).

Árið 2020 var listamannalaunum úthlutað til alls 325 einstaklinga og af þeim eru einungis 7 hönnuðir, einungis 2,2% af heildarfjöldanum. Að baki þessara 7 hönnuða standa 10 fagfélög eins og upp er talið hér að ofan.

Árið 2020 var sótt um alls 697 mánuði í starfslaunasjóð hönnuða en einungis 50 mánuðir í boði.

Eftirspurn eftir starfslaunum hönnuða var því um 14 sinnum meiri en framboðið. Í myndlist var sótt um 3233 mánuði af 435 mögulegum og er eftirspurn þar 7,5 sinnum hærri, 5,1 hjá rithöfundum, 7,2 hjá tónlistarflytjendum, 7,7 hjá tónskáldum og 8,7 hjá sviðslistafólki. Ljóst er að lægsta árangurshlutfallið er í starfslaunasjóð hönnuða.

Við leggjum til við stjórnvöld að úthlutun starfslauna til hönnuða verði tvöfölduð og verði 100 mánuðir og þannig, miðað við umsóknir ársins 2020, megi gera ráð fyrir að samband eftirspurnar og framboðs sé svipað þvert á listgreinar.

Í ljósi þeirra áskorana sem heimurinn og íslenskt samfélag stendur frammi fyrir er brýnt að listrænni nýsköpun verði skapað viðeigandi starfsumhverfi. Aukin úthlutun mun ekki aðeins efla stétt hönnuða heldur mun sú vinna nýtast víðar, allt frá tæknilegum lausnum yfir í hugmyndafræði stjórnmálanna. Sem er í samræmi við inntak nýsköpunarstefnu stjórnvalda þar sem lögð er megináhersla á eflingu nýsköpunar til að fást við fjölbreytt viðfangsefni og nýjar aðstæður sem skapast m.a. af völdum hnattrænnar hlýnunar sem og nú vegna viðamikilla áhrifa heimsfaraldursins.³

Í raun er þetta einfalt. Gætum sanngirni, aukum og eflum störf hönnuða á sama grundvelli og við erum nú þegar að efla aðrar listgreinar.

Virðingarfyllt fyrir hönd Félags vöru- og iðnhönnuða,

Kristín María Sigþórsdóttir
Brynhildur Pálsdóttir
Emilía Borgþórsdóttir
Ólína Elísabet Rögnudóttir
Friðrik Steinn Friðriksson
Þórunn Hannesdóttir
Eva Arnfríður Aradóttir
Inga Sól Ingibjargardóttir
Búi Bjarnar Aðalsteinsson
Kristrún Thors

³ Nýsköpunarlandið Ísland, 2019, Stjórnarráð Íslands.